

# Fundur í stjórn foreldrafélagsins 24. janúar 2012

## Mættir voru:

Erla Rán, Vaka, Sigríður, Ingveldur, Höskuldur, Berglind, Áshildur, Ásdís, Guðrún Silja og Lilja Dögg.

## Innheimta á félagsgjöldum:

Rukkun fyrir árgjaldi í foreldrafélagið hefur verið sent í heimabanka foreldra.

## Foreldraviðtöl:

Foreldrar sögðu frá upplifun sinni af foreldraviðtölunum. Almennt fannst foreldrum að viðtölin þyrftu að vera markvissari og meira samræmi á milli kennara hvernig viðtölin voru nýtt. Eins fannst foreldrum möppurnar of einhæfar, þeim fannst vanta meira af heildstæðum verkefnum þar sem reyndi á samvinnu og verklegar greinar. Hugmyndir meðal foreldra að janúarviðtalið verði án barna. Í hópnum voru líka foreldrar sem voru mjög ánægðir með viðtölin og möppurnar.

## Frímínútagæsla:

Fyrir stuttu kom tölvupóstur til foreldra um ástand í frímínútum. Foreldra langar að vita hvað hafi verið gert til að bæta úr ástandinu og hvort ekki eigi að skipta upp hópnum í frímínútum. Margir krakkar eru hræddir við að fara í frímínútur og foreldrar sem hafa komið í heimsókn á frímínútatíma segja að það séu mikil læti á göngunum þegar öll börnin eru að koma samtímis inn. Eins er skólalóðin lítil með fáum leiktækjum.

## Agamál:

Umræða um agamál og hver lausnin á þeim gæti verið, velt upp hvort vanti samkennd í hópinn. Ásdís benti á sálfræðing í Hagaskóla, sem er safnskóli, sem sérhæfir sig í hópefli. Ásdís ætlar að kanna málið og ath. hvort eitthvað sambærilegt væri hægt að gera í Naustaskóla.

## Kennararáðningar:

Vaka sagði frá ráðningum á kennurum. Gunnþór er að hætta og Brynja og Ása að fara í fæðingarorlof.

## Skipulag skólans:

Umræða um hvort almenn ánægja sé bæði meðal foreldra og kennara um skipulag skólans og hvort eigi að endurskoða skipulagið og árgangablöndunina.

## Önnur mál:

Ýmis mál rædd sem viðkoma börnunum eins og t.d. ljótt orðbragð.